



MYLLUBAKKASKÓLI

FUNDARGERÐ		Tílefni fundar Foreldrafundur Myllubakkaskóla	
Dags. fundar 12.09.2023	Tími 16:30-18:00	Staður Akademían	Nr. Fundar 2
Fundarboðandi Stjórn foreldrafélags Myllubakkaskóla	Fundarritari Ingunn Anna Ragnarsdóttir		Fj. bls. 6

Mættir frá FFM: Helena Bjarndís Bjarnadóttir, Katrín M. Aradóttir, Ingunn Anna Ragnarsdóttir, Karólína Björg Óskarsdóttir, Unnur Ýr Kristinsdóttir og María Natalie Einarsdóttir Alvarez.
Foreldrar barna í Myllubakkaskóla.

Dagskrá og helstu niðurstöður.

Atriði nr.	Lýsing
1.	Fundargerð síðasta foreldrafundar. Fundargerð verður birt frá síðasta fundi á næstu dögum.
2.	Tilgangur þessa fundar eru umræður sem tími gafst ekki til síðast. Gefa foreldrum tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri og mögulega skoða það að stofna rýnihópa. Helena býður foreldra velkomna og óskar eftir reynslu frá foreldrum á þessum fyrstu vikum skólans og frá síðustu árum varðandi myglu og veikinda barna. Tilgangur þessa fundar eru umræður sem tími gafst ekki til síðast. Gefa foreldrum tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri og mögulega skoða það að stofna rýnihópa. Óskum eftir reynslu frá foreldrum á þessum fyrstu vikum skólans og frá síðustu árum varðandi myglu og veikinda barna. Úr sal: Hvar standa málin núna, eru tímaáætlanir að standa. Helena: Úttekt fer fram á næstu dögum. Ef allt í góðu þá fer yngsta stig af stað inn. Katrín: Eftir fundinn síðast fór allt á fullt á planinu og gengur. Katrín: Hvernig fannst ykkur síðasti fundinn? Úr sal: Það var ekki hlustað á okkur foreldra, við vorum gaslýst gert lítið úr áhyggjum foreldra. Svörin óljós og augljóst að vinnubrögð á skólalóðinni eru ekki góð. Dóti og drasli hent út á meðan börn eru á svæðinu. Katrín hrósar foreldrum fyrir síðasta fund og segir það skýrt að krafa foreldra sé gagnsæi og skýr svör frá skólastjórnendum og bænum.



MYLLUBAKKASKÓLI

Úr sal: Það að hafi verið sagt við okkur (Helgi) að hætta sýna meðvirkni var skellur og móðgun fyrir foreldra.

Úr sal: Annað sem Helgi sagði var að Hlynur ætti að vera með, og er með völdin varðandi skólaskipulag. Er það rétt?

Úr sal: Já það er rétt en þau vinna innan ákveðins fjárhags. Valdið er hjá stjórnendum skólans en galið að Helgi hafi varpað ábyrgð yfir á Hlyn.

Bent á að Hlynur vill fá ábendingar frá foreldrum. Foreldrar vilja fá betri upplýsingar og skýran ramma varðandi áætlun og vita hvað er verið að gera til að tryggja að áætlanir standist. Engin kom á síðasta fund sem var með umsjón yfir framkvæmdum á malarvellinum. Hansi er yfir skólauppbygginguna. Spurningum var ekki svarað um malarvöllinn. FFM óskaði eftir að fá þann sem er yfir þeim framkvæmdum en það var ekki brugðist við því og við vissum ekki að Hansi væri ekki yfir þeirri framkvæmd.

Af hverju fá foreldrar ekki meiri og betri upplýsingar um framkvæmdirnar?

Katrín ítrekar við foreldra að koma með allar áhyggjur og ábendingar sem þau hafa til FFM.

Úr sal: Hvenær áttu foreldrar að fá að vita að skúrarnir væru ekki til og að 1. bekkir væru að fara flytja þrisvar?

Úr sal: Hver ætlar að hjálpa erlendum nemendum og fjölskyldum og útskýra hvað er fram undan og gera skiljanlegt hvað er að gerast.

Helena: Hvaðan vilji þið fá upplýsingar? Frá stjórnendum? Er Hlynur alltaf með allar upplýsingar? Á föstudegi er fullyrt að allt væri tilbúið og allir á leið á planið en á miðvikudegi eftir kemur í ljós að það er ekki rétt.

Úr sal: Malarvellir, gámarnir sem voru keyptir voru afhentir á réttum tíma. En framkvæmdin í kringum allt til að hefja starfsemi stóðst ekki.

Fyrsta umræðan var að það ætti að græja helminginn en það er ekki hægt. Þarf að fá öryggis úttekt yfir alla skúrana í einu, ekki bara helming.

Úr sal: Það þyrfti að vera vikulegir póstar til foreldra um hver staðan sé og með nákvæmum upplýsingum um hvað er búið, hvað er eftir og hvernig gengur. Upplifun eins og það sé verið að fela eitthvað. Ekki stjórnendum skólans að kenna.

Úr sal: Vont að fá upplýsingar úr öllum áttum því þær koma misjafnar fram og ekki eins. Þetta er langt og flókið ferli og upplýsingar þyrftu að berast alltaf reglulega/vikulega. Póstur frá Hlyni með upplýsingum eins og hann hefur heyrt um stöðuna og framhaldið.

Úr sal: Miklar áhyggjur af börnum í skertu námi. Margar hendur á lofti frá foreldrum. Hvernig á að tryggja þeirra framtíð námslega séð þegar það er búið að skerða námið þeirra svona mikið.



MYLLUBAKKASKÓLI

Úr sal: Börnin eru að hanga fram til hádegis þangað til skólinn byrjar. Þetta er mikið áhyggjuefni. Foreldrar fá ekki svör en tekið fram að fjarkennsla verður ekki í boði.

Hlynur var spurður að þessu og sagði hann að kennurum hafi ekki fundist það gefast vel í covid og óskað eftir að gera það ekki núna.

Foreldrar óska að það væri allavega í 2 tíma á morgnanna áður en þau svo mæta í skólann.

Úr sal: Eru ekki með mikinn heimalærdóm né virðist vera mikið gert í skólanum. Þau eru að missa mikið úr. Þessi heimalærdómur er ekki neitt neitt og td í 8.bekk í stærðfræði fá þau 10 mín til að sinna náminu á morgnanna á netinu. Þau eru einnig að mæta snemma heim. Mjög lítil heimavinna, tíminn skerðist líka við að fara í íþróttir og sund. Skerðingin er mun meiri en sagt er.

Úr sal: Sumir krakkar eru í áföngum í fjölbraut en það er ekki í boði fyrir alla (íslykill og rafræn skráning). Þarf að kenna þeim að ná í íslykil og rafræna skráningu en það er ekki í boði. Það er mikil óánægja með þetta.

Úr sal: Allt í einu brunaaðstæður. Kennarar vilja ekki fjarkennslu og ég skil það ekki. Eru kennsluráðgjafar frá Reykjanesbæ að aðstoða og koma með aðstoð fyrir kennara Myllubakka? Það á ekki að þurfa að bíða eftir að Hlynur óski eftir aðstoð heldur á bærinn að bjóða fram og gera allt sem þau geta til að hjálpa til við þessar ömurlegu aðstæður.

Úr sal: Mylluhjartað er sterkt og fengið að ganga allt of lengi á hnefanum og með þeim orðum að „þessu verður reddað“. Er að bitna mjög mikið núna á skólanum. Hvorki kennarar, né stjórnendur eða foreldrar hafa barið nógu fast í borðið og krafist svara.

Úr sal: Svárið er alltaf þetta er tímabundið en núna er þetta „tímabil“ orðið allt of langur tími og bitnar sérstaklega elsta stiginu þar sem skerðingin er mest.

Úr sal: Getum við ekki kallað eftir að sjá samþykki fyrir þessum skerðingum?

Helena: Ég óskaði eftir þessu samþykki og svárið var að það hefur ekki komið til tals, ekki búið að fá undanþágu því nú væri bara verið að redda þessari krísu. Það er ekki heimsfaraldur, við erum ekki á undanþágu frá aðalnámskrá eins og var þá. Þó það sé mygla og húsnæðisvandi þá er ekki verið að starfa eftir undanþágu og það er verið að brjóta á börnum og foreldrum með þessu. Það er þeirra réttur að fá fulla kennslu þrátt fyrir aðstæður. Það á að tryggja fyrsta flokks menntun þrátt fyrir „krísu“.

Þetta mun hafa áhrif til lengri tíma og það er mikilvægt að það komi krafa frá foreldrum um að börnunum verði tryggð fyrsta flokks menntun og sama rétt og aðgangur að frekari námi.



MYLLUBAKKASKÓLI

Þetta er nefnilega ekki bara búið að vera þessi mánuður, þetta haust. Þetta er búið að vera mun lengri tíma og það þarf að koma skýrt fram hvernig þeir ætla að bæta þetta og það verður að gerast innan þessa skólaárs.

Úr sal: Ætli þið að senda erindi til ráðuneytisins?

Helena: Nei það er ekki í verkhring FFM. Við óskum eftir að foreldrar beiti sér líka, setji sig saman í hóp til að senda erindi. Ekki bara setja allt á herðar FFM því þetta getur ekki bara komið frá félaginu.

Unnur talar um hvernig Fossvogsskóli gerði þetta á sínum tíma. Verður að koma frá foreldrum barna Myllubakkaskóla, ekki bara frá félaginu. En Fossvogsskóli sagði að það þarf að senda erindi þangað sem fyrst og helst strax. Reykjanesbær vill ekki fá ráðuneytið eða fjölmiðla á sig. Þetta verður að koma frá foreldrum.

Úr sal: Hef nú þegar sent erindi en ekki fengið nein svör.

Ráðuneytið vill fá þetta á borð til sín, en það þarf að koma frá foreldrum.

Úr sal: Helgi talaði um að þetta yrði bætt upp en tók ekki fram hvernig eða hvað verði gert.

Úr sal: Helgi sagði sjálfur að það stæði hvergi í lögum varðandi það að bæta þetta upp. Foreldrar upplifðu þetta eins og högg. Helgi varpaði ábyrgð frá sér aftur og aftur. Tekið fram að Helgi boðaði komu sína sjálfur á síðasta fund.

Úr sal: Varðandi stýrihópa, gott að stofnaður verði hópur sem setur saman erindi til ráðuneytisins en er líka hægt að setja saman hóp sem situr við borðið þegar kemur að framkvæmdum til að gæta hagsmuni barnanna. Formaður FFM situr fundi og fær að sjá teikningar. En það var síðast fyrir sumarfrí í vor. Og hefur ekki verið boðaður fundur í langan tíma.

Úr sal: Það ætti að vera krafa að það verði reglulegir fundir og að fulltrúi foreldra sitji á þeim.

Úr sal: Spurt út í útboðið á síðasta fundi því það stenst alls ekki tímasetningin miðað við að útboðið er ekki hafið. Það tekur ákveðin tíma og passar ekki við áætlanir sem við fengum að heyra. Þetta mál og húsnæðismál er að fara vera næstu árin.

Úr sal: Það er ekki búið að gera ráð fyrir stækkun hverfisins. Það er búið að samþykka fleiri íbúðir innan hverfis. En ekki búið að gera ráð fyrir fjölgun innan skólanna.

Úr sal: Hugsu yfir ástandi í elstu bekkjum, að mínu viti er algjörlega hægt að bregðast við þessu, það eru salir út í bæ sem eru ekki í notkun á morgnanna fyrir utan möguleikanna sem fjarkennsla býður upp á. Og skiljanlegt að kennarar hiki en það þarf að finna lausn á þessu.

Úr sal: Mikil skerðing, list og verkgreinar mun minni, sérkennsla og aðstoð er mjög lítil eða engin. Varðandi undanþágu? Ef kemur í ljós að sótt hefur verið um undanþágu frá aðalnámsskrá þá þarf ekki að bæta upp kennslu. Ef ekki hefur



MYLLUBAKKASKÓLI

verið sótt um undanþágu þá er það krafa foreldra að það verði að bæta skerðinguna upp.

Úr sal: Börnin eru að fara fram og til baka í íþróttir og sund. Akademían bauð þeim aðstöðu hjá sér en það var ekki þegið. Alpha gym er hér nálægt, væri ekki hægt að bjóða elstu bekkjum að mæta þangað á morgnanna. Föstudagar hjá elsta stigi eru bara sund og íþróttir. Þar fer heill dagur af kennslu til spillis.

Úr sal: Upplifun nemenda, við erum ekki að gera neitt í íþróttum. Af hverju er verið að eyða heilum degi í íþróttir og sund þegar almenn kennsla er nú þegar svo mikið skert. Reykjaneshöllin er ónotuð á morgnanna. Þegar íþróttir eru búnar þarf svo að hlaupa á milli. Er bara verið að hafa þetta þægilegt fyrir aðra en ekki verið að hugsa um hagsmuni barnanna.

Úr sal: Þau mæta í akademíuna á morgnanna til að fara yfir í Myllu í myndlist til að labba til baka í akademíuna til að borða. Hvers vegna þarf myndlist að vera í Myllubakka?

Úr sal: Voru í Duus í myndlist, nemendum var ekki hleypt af stað fyrr en tíma var lokið, voru þar af leiðandi sein í tíma upp í Akademíu og voru svo skömmuð fyrir að vera sein. Er ekkert samtal milli kennara?

Úr sal: Af hverju var ákveðið að hafa þetta svona, Duus er 1,8 km frá, af hverju er myndlist ekki kennd í akademíunni. Hafa gott af labbi en skerðir tíma gríðarlega.

Úr sal: Má líka gagnrýna hádegismatinn. Miðstigi er að borða þegar elsta stig mætir og þá er lítið pláss fyrir miðstigi til að klára borða og eru rekin út.

Úr sal: Það þarf að óska eftir skýru skipulagi á hvernig hádegið er skipulagt. Er verið að ýta miðstigi út til að elstu geti komið að borða. Fá upplýsingar varðandi skólamat.

Samantekt: Hverjar eru kröfur foreldra?

Vikulegir póstar frá stjórnendum varðandi stöðuna, núna og fram undan.

Framkvæmdarupplýsingar til Hlyns sem hann getur komið áfram til foreldra vikulega.

Ekkert að gerast í þessum framkvæmdum. Upplifun foreldra eins og það sé ekki verið að reyna gera þetta eins hratt og vel fyrir börnin. Koma þeim í öruggt og fast húsnæði strax.

Unnur: Við erum þrýsti afl á bæinn og við verðum að standa fastar á okkur köfum. Foreldrar þurfa að fá að vera upplýstir.

Úr sal: Getum við ekki krafist þess að foreldri, annað hvort frá FFM eða úr skólanum til að sitja þessa fundi með Hansa, framkvæmdarfundir.

Úr sal: Við verðum að fá upplýsingar um hvernig útboðinu er háttað, hvernig er fylgst með framkvæmdum, hvernig á að sýna okkur foreldrum að það sé verið að vinna hratt og vel og vanda til verka til að standast áætlun.



MYLLUBAKKASKÓLI

	<p>Úr sal: Í frímínútum var verið að af ferma risastóran bíl, krana þvert yfir lóðina með börnin úti að leik. Engin sem var að passa upp á öryggi barnanna. Hvar er vinnueftirlitið.</p> <p>Stofnaður var Stýrihópur foreldra: Unnur Ýr Kristinsdóttir fulltrúi FFM Skúli Brynjólfsson skuli.b@keilir.net Jóhanna Þórdísardóttir johanna4519@gmail.com Linda Björk Pálmadóttir linda@mss.is Davíð Þór Björnsson Bjornsson82@gmail.com Jóna María Þorgeirsdóttir j.thorgeirsdottir@lagardere-tr.is</p> <p>Unnur leiðir hópinn. Ósk var um að biðja Svein Ólaf Magnússon trúnaðarmann kennara til að sitja sem ráðgjafi á fundunum. Samþykkt.</p> <p>Úr sal: Pælingar um annan fund, kennarar að ganga í gegnum þetta allt, er ekki vit í að fá kennara á fund?</p>
3.	<p>Önnur mál.</p> <p>Helena greinir frá því að hún mun stíga niður sem formaður og hvetur Katrínu til að taka við.</p>